



ALÞJÓÐLEGAR SIÐAREGLUR
UM STARFSMENN OG
VIÐSKIPTAHÆTTI



Til að viðhalda og efla orðstír Alcan sem fyrirtækis er axlar samfélagslega ábyrgð og hámarkar þannig virðisaukningu hluthafa þess er nauðsynlegt að fylgja þessum siðareglum.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI AÐALFORSTJÓRA	1
INNGANGUR	3
ALÞJÓÐLEGAR SIÐAREGLUR UM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAHÆTTI	4
Gildi siðareglanna fyrir aðila utan fyrirtækisins	4
Bækur og gögn	4
Samkeppnismál	5
Trúnaðarupplýsingar og hugverkaréttur	6
Hagsmunaárekstrar	7
Fikniefni, áfengi og skotvopn	8
Notkun tölvupósts og netsins	8
Notkun starfmannna á eignum fyrirtækisins	9
Umhverfi, heilsa og öryggi (UHÖ)	9
Samskipti við stjórnvöld	10
Mannréttindi og vinnustaðurinn	11
Óviðeigandi greiðslur til opinberra starfmannna	11
Alþjóðleg viðskipti	12
Markaðssetning og sala	12
Þátttaka í stjórnámálum	13
Lög um verðbréfa- og innherjaviðskipti	14
Kynferðisleg áreitni, einelti á vinnustað og ofbeldi	14
Samskipti við hluthafa, fjölmiðla og samfélagið	15
Öryggi á vinnustað	16
Fylgni við siðareglurnar	16
SPURNINGAR OG SVÖR	17
TENGILIÐIR FYRIRTÆKISINS	29

Í þessum siðareglum vísa orðin „fyrirtækið“ eða „Alcan“ til móðurfélagsins Alcan Inc. og eftir samhenginu til eins eða fleiri af dótturfyrirtækjum þess og tengdra fyrirtækja.

INNGANGUR

Alcan er fjölþjóðlegt fyrirtæki með starfsemi á sviði álframleiðslu og umbúða víða um heim. Fyrirtækið endurspeglar mismunandi fyrirtækjamenningu og félagsleg einkenni sem eiga rætur að rekja til hinna fjölmörgu kynþátta, menningarheima og tungumála sem finna má í starfslöndum okkar.

Skýrar siðareglur sem virtar eru með samkvæmum hætti eru lykillinn að öflugum og varanlegum vexti fyrirtækisins. Siðareglurnar gera okkur kleift að byggja upp samkeppnisfært fyrirtæki sem kemur fram af heilindum í siðferðislegu tilliti. Það er staðföst trú okkar að *Alþjóðlegar siðareglur um starfsmenn og viðskiptahætti* séu grunnurinn að árangri okkar.

Skilvirkar siðareglur verða að vera annað og meira en pappírssnepill eða undirsíða á Vefnum. Þær verða að vera kunnar öllum starfsmönnum og birtast í gjörðum þeirra. Til að tryggja að siðareglurnar komi til framkvæmda eru þær gerðar aðgengilegar öllum starfsmönnum, ráðgjöfum og birgjum fyrirtækisins sem eru allir bundnir af meginatriðum reglnanna í viðskiptum sínum við eða fyrir hönd Alcan. Frekari viðbætur við siðareglurnar má finna í Handbók um stefnumið Alcan (Policies Manual) á innra neti fyrirtækisins (web.alcan.com).

Þegar við erum í vafa um hvað eigi til bragðs að taka, verðum við að staldra við og biðja um aðstoð. Þá er gott að líta á viðeigandi kafla í siðareglunum, ræða við yfirmenn og, ef við kjósum svo, hafa samband við viðeigandi aðila sem vísað er til í reglunum.

Þegar við stöndum frammi fyrir viðskiptalegri ákvörðun sem felur í sér siðferðislegt álitamál eru nokkrar spurningar sem við ættum að spyrja okkur:

1. Er ég að fylgja anda og bókstaf þeirra laga eða stefnumiða sem málið varða?
2. Myndi ég vilja að gjörðir mínar birtust sem forsíðufrétt í dagblaði?
3. Hvað myndi fjölskyldu minni, vinum eða nágrönnum finnast um mig?
4. Verða beinar eða óbeinar neikvæðar afleiðingar fyrir Alcan?
5. Samræmast gjörðir mínar grunngildum samskiptareglanna eða stefnumiðum Alcan?

Við gerum okkur grein fyrir því að eftir standa grá svæði sem skynsammt fólk gæti greint á um. Við fögnum og hvetjum til umræðu í slíkum tilvikum.

ALÞJÓÐLEGAR SIÐAREGLUR UM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAHÆTTI

GILDI SIÐAREGLNANNA FYRIR AÐILA UTAN FYRIRTÆKISINS

Siðareglurnar eru ekki einungis ætlaðar starfsmönnum Alcan. Sú krafa er einnig gerð til allra ráðgjafa okkar og birgja að þeir fari eftir reglunum í öllum viðskiptum sínum við eða fyrir hönd fyrirtækisins. Við verðum að tryggja að samstarfsaðilum okkar sé kunnugt um innihald siðareglanna, annað hvort með því að sjá þeim fyrir eintaki af reglunum eða með því að vísa þeim á vefsíðu Alcan (www.alcan.is og www.alcan.com).

Alcan getur ef til vill ekki alltaf gert þá kröfu að farið sé að siðareglunum þegar um er að ræða sameiginlegt áhættuframtak eða lauslega tengd fyrirtæki sem Alcan tekur þátt í. En grundvallaratriði siðareglanna eru samt sem áður algild og því ættum við að hvetja til þess að slík fyrirtæki hafi þau í hávegum.

BÆKUR OG GÖGN

Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti í bækur fyrirtækisins og skal reikningshald vera undir nauðsynlegu innra eftirliti. Allar bækur og gögn fyrirtækisins skulu vera tiltæk til endurskoðunar.

Að því er varðar reikningshald og skrár Alcan verðum við að gæta eftirfarandi:

1. Að við völdum því ekki viljandi að gögn Alcan hafi að geyma villandi upplýsingar af nokkru tagi;
2. Hvorki eiga upptök að né taka þátt í því að semja gögn í þeim tilgangi að fela eitthvað óviðeigandi;
3. Skrá allar greiðslur réttilega og tafarlaust;
4. Starfa með innri og ytri endurskoðendum;
5. Tilkynna hvers kyns vitneskju um ósannar eða ónákvæmar fullyrðingar sem og gögn eða færslur sem ekki virðast þjóna gildum viðskiptalegum tilgangi; og
6. Ekki taka þátt í óvenjulegum fjárhagslegum ráðstöfunum með viðskiptavinum eða birgjum (s.s. að skrifa hærri eða lægri reikninga en við á) vegna greiðslna þeirra til aðila sem ekki tengjast viðskiptunum.

Sé grunur um að grunnreglur um meðferð fjármuna hafi verið brotnar þannig að það hafi með beinum eða óbeinum hætti áhrif á hagsmuni Alcan, skal það tilkynnt og rannsakað.

Eftir því sem hægt er skulu samningar Alcan vera skriflegir og eins tæmandi og kostur er. Skjöl sem ekki er vísað til í aðalsamningi skulu aðeins samþykkt eða afhent að höfðu samráði við lögmann fyrirtækisins.

SAMKEPPNISMÁL

Alcan skal vera óbundið og gæta eigin hagsmuna í öllum viðskiptum sem hafa áhrif á samkeppnisstöðu á markaði og forðast viðskiptahætti sem hamla samkeppni.

Þess vegna setur fyrirtækið eftirfarandi reglur:

1. Aldrei skal gengið til samninga eða gert þegjandi samkomulag við samkeppnisaðila. Forðast skal samræður um málefni eins og:
 - a) Verð eða aðra skilmála sem Alcan eða samkeppnisaðilar setja um sölu á afurðum sínum;
 - b) Kostnað eða hagnað Alcan eða samkeppnisaðila af framleiðslu;
 - c) Framleiðslumagn eða nýtingarhlutfall á framleiðslugetu Alcan eða samkeppnisaðila;
 - d) Viðskiptavini eða sölusvæði Alcan eða samkeppnisaðila;
 - e) Tegund eða magn vöru sem Alcan eða samkeppnisaðili hyggst framleiða eða bjóða til sölu.
2. Taki fyrirtækið þátt í sameiginlegum áhættuverkefnum eða samtökum fyrirtækja með samkeppnisaðilum, skulu samskipti takmörkuð við það sem þörf er á vegna þeirra lögmætu viðskipta eða sameiginlegu viðleitni.
3. Sanngirni skal gætt gagnvart öllum viðskiptavinum og birgjum, þ.m.t. samkeppnisaðilum;
4. Virða skal rétt viðskiptavina okkar til að haga viðskiptum sínum með þeim hætti sem þeir kjósa, að meðtalinni verðlagningu á vörum;
5. Gæta skal þess að beita ekki neins konar þvingunum við sölu á vörum til viðskiptavina, s.s. að þröngva vöru upp á viðskiptavin;
6. Þess skal gætt að beita ekki neins kyns markaðsvaldi eða markaðsupplýsingum sem geta hamlað samkeppni; og
7. Forðast skal hvers kyns ósanngjarnar eða villandi aðgerðir.

Hver stjórnandi er ábyrgur fyrir því að farið sé eftir bókstaf og anda samkeppnislaga sem gilda um starfsemi Alcan. Í einstökum tilvikum skal stuðst við leiðbeiningar um samkeppnismál sem finna má á innraneti fyrirtækisins. Leiki vafi á skal gera lögmanni fyrirtækisins viðvart um mál sem eru viðkvæm í samkeppnislegu tilliti.

TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR OG HUGVERKARÉTTUR

Til trúnaðarupplýsinga teljast m.a.: Tæknilegar upplýsingar um framleiðsluvörur eða ferli, listar yfir söluaðila eða kaupverð, áætlanir um kostnað, verðlagningu eða þjónustu, óopinberar fjárhagsskýrslur og upplýsingar um sölu, samruna og kaup á fyrirtækjum. Auk þess er framsetning okkar á almennt þekktum upplýsingum, í þeim tilgangi að ná ákveðnum árangri, oft verðmætt viðskiptaleyndarmál.

Til hugverkaréttar teljast m.a.: Einkaleyfi, höfundarréttur, vörumerki og viðskiptaleyndarmál. Hugverkaréttur felur í sér að handhafi hans á viss lagaleg réttindi.

Trúnaðarupplýsingar, þ.m.t. um hugverkarétt, eru verðmætar eignir sem gætu komið samkeppnisaðila að notum eða skaðað fyrirtækið með öðrum hætti, væru þær gerðar opinberar. Þess ber því að gæta að ljóstra ekki upp slíkum upplýsingum til óviðkomandi aðila, hvort sem þeir eru innan eða utan Alcan, og gera ítrustu varúðarráðstafanir til að halda trúnað um slíkar upplýsingar sem okkur berast í hendur frá öðrum aðilum.

Trúnaðarupplýsingar er hægt að vernda samkvæmt lögum sem viðskiptaleyndarmál, hafi þær gildi fyrir aðra aðila, geri eigandi þeirra nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þær.

Því verðum við:

Okkur ber að vernda trúnaðarupplýsingar og hugverkaréttindi Alcan í hvívetna og virða sömu réttindi annarra fyrirtækja.

1. Að gæta varúðar um hvar við ræðum málefni Alcan sem varða trúnaðarupplýsingar;
2. Að gæta þess að ljóstra ekki upp eða nota trúnaðarupplýsingar Alcan í eigin hagnaðar- eða ábataskyni;
3. Að gera samninga um einkaleyfi og upplýsingavernd þegar þörf krefur;
4. Að ljúka trúnaðarsamningum við aðila utan fyrirtækisins (að meðtöldum ráðgjöfum Alcan) áður en rætt er við þá um trúnaðarmál Alcan;
5. Að gæta ávallt góðra viðskiptavenja og siðferðislega grundvallarreglna við öflun upplýsinga um samkeppni jafnframt því sem fylgst er grannt með markaðsupplýsingum;
6. Þegar okkur eru boðnar trúnaðarupplýsingar, að tryggja að báðir aðilar skilji og samþykki þá skilmála sem settir eru um upplýsingarnar; og
7. Að ræða við yfirmann eða lögmann fyrirtækisins þegar okkur eru boðnar upplýsingar án þess að hafa beðið um þær, um hvort taka eigi við þeim. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar ástæða er til að ætla að upplýsinganna hafi verið aflað með óviðeigandi hætti.

Okkur ber að vernda trúnaðarupplýsingar og hugverkaréttindi Alcan í hvívetna og virða sömu réttindi annarra fyrirtækja. Tilkynna skal um alla óheimila notkun á hugverkum Alcan.

Vörumerki og viðskiptaheiti Alcan eru með verðmætustu eignum fyrirtækisins. Um framsetningu, notkun og vernd vörumerkis Alcan fer samkvæmt leiðbeiningum um ímynd fyrirtækisins sem finna má á innraneti fyrirtækisins.

Stefna Alcan er að afla leyfis fyrir einum hugbúnaðarpakka á hvern starfsmann, nema þegar leyfissamningur kveður á um annað eða heimilar netútgáfu á hugbúnaðinum. Óheimilt er að afrita hugbúnað sem nýtur verndar samkvæmt lögum um höfundarrétt og/eða leyfissamningum nema eigandi höfundarréttarins eða leyfishafi veiti sérstaka heimild fyrir slíkri notkun með beinum eða óbeinum hætti.

HAGSMUNAÁREKSTRAR

Mjög áriðandi er að stofna ekki til eða tilkynna að öðrum kosti um skuldbindingar eða tengsl sem falið gætu í sér hagsmunaárekstra við Alcan.

Hagsmunaárekstur getur orðið ef starfsmaður á beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta í ákvörðun sem hann þyrfti að taka með hlutlægum hætti, án hlutdrægni og í þágu bestu hagsmuna Alcan. Mikilvægt er að forðast jafnvel það sem virðist vera hagsmunaárekstur.

Telji starfsmaður að hann eigi á hættu að lenda í hagsmunaárekstri skal hann tafarlaust tilkynna yfirmanni sínum öll málsatvik.

Til eru nokkrar gerðir hagsmunaárekstra sem við ættum að tilkynna og fá skriflegt samþykki um áður en lengra er haldið, [þ.á.m. eftirfarandi](#):

1. Ráðgjöf eða þýðingarmikið samband við, eða hagsmunir varðandi, birgja, viðskiptavin eða samkeppnisaðila;
2. Persónulegir hagsmunir rekast á við hagsmuni Alcan;
3. Viðskiptasamband fyrir hönd Alcan við vin eða ættingja eða fyrirtæki undir stjórn slíks einstaklings;
4. Aðstæður þar sem við höfum áhrif á eða ráðum mati á frammistöðu eða launum vinar eða ættingja;
5. Beiting eða miðlun trúnaðarupplýsinga Alcan í hagnaðarskyni, s.s. með því að ráðleggja öðrum að kaupa eða selja eignir eða vörur Alcan á grundvelli slíkra upplýsinga;

6. Sala til eða kaup af Alcan í eigin nafni; eða

7. Að þiggja greiða, umfram smágjafir eða skemmtun, frá einstaklingi eða fyrirtæki sem á eða býst við að eiga í viðskiptum við Alcan.

Mögulegir hagsmunaárekstrar starfsmanns geta haft sömu áhrif þegar um er að ræða fjölskyldumeðlim eða þriðja aðila sem tekur við greiða í stað starfsmannsins. Beita þarf skynsemi og góðri dómgreind til að koma í veg fyrir að svo virðist sem eitthvað óviðeigandi eða hagsmunaárekstur eigi sér stað.

FÍKNIEFNI, ÁFENGI OG SKOTVOPN

Óheimilt er að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra fíkniefna við störf á vinnusvæði Alcan. Til að vera samkeppnisfær í viðskiptaumhverfi nútímans er mikilvægt að við tökum bestu ákvarðanirnar. Þess vegna gerum við þá kröfu að dómgreind starfsmanna sé skýr og laus við áhrif fíkniefna eða áfengis. Skotvopn eru aðeins leyfð á þeim svæðum og við þær aðstæður sem tilskilin leyfi eru fyrir frá stjórnendum fyrirtækisins. Þessir skilmálar eru settir í þágu velferðar og framleiðni starfsmanna okkar og fyrirtækisins í heild.

NOTKUN TÖLVUPÓSTS OG NETSINS

Tölvupóstur og aðgangur starfsmanns að Netinu er fyrst og fremst ætlaður til notkunar í þágu fyrirtækisins. Tölvupóstur er ekki algjörlega öruggur miðill því ekki er útilokað að óviðkomandi geti nálgast hann auk þess sem hann skilur eftir sig varanlega skráningu. Viðtakandi eða aðrir geta prentað út eða framsent til annarra allan tölvupóst sem þú sendir. Auk þess er líklegt að tölvupóstur geymist á tölvum fyrirtækisins um nokkurn tíma. Því ættu starfsmenn Alcan að viðhafa sömu vandvirkni, varúð og siði í samskiptum með tölvupósti og í hefðbundnum bréfaskriftum um viðskipti.

Að því er varðar nettengingu fyrirtækisins er óheimilt að sækja gögn sem virðast ófagmannleg eða ekki hæfa viðskiptalegum tilgangi. Auk þess má búast við því að eftirlit sé haft með öllum tölvupósti og netnotkun starfsmanna án viðvörunar.

Frekari upplýsingar má finna í umfjöllun um viðeigandi stefnumið á innraneti Alcan.

NOTKUN STARFSMANNA Á EIGUM FYRIRTÆKISINS

Eigur fyrirtækisins eru aðeins til viðskiptalegra nota.

Við megum ekki:

1. Taka, nota eða afhenda eigur Alcan til persónulegra nota eða hagsbóta;
2. Breyta efnislega eða eyðileggja eigur Alcan án tilskilinnar heimildar; eða
3. Fjarlægja eigur fyrirtækisins eða nota þjónustu þess án heimildar stjórnenda fyrirfram.

Sumar athafnir geta verið til hagsbóta bæði fyrir Alcan og einstaka starfsmenn og oft á tíðum er erfitt að greina á milli hagsmuna fyrirtækisins og starfsmanna. Því er mikilvægt að afla samþykkis yfirmanns fyrirfram vegna allrar notkunar á eigum eða þjónustu Alcan sem ekki er eingöngu í þágu fyrirtækisins.

Leiki grunur um svik eða þjófnað starfsmanna eða þriðja aðila skal það tilkynnt.

UMHVERFI, HEILSA OG ÖRYGGI (UHÖ)

Markmið Alcan er að vernda og bæta umhverfið sem og heilsu og öryggi starfsmanna og þeirra samfélaga sem fyrirtækið starfar í.

Eftirfarandi kröfur eru þáttur í stefnu okkar í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum (UHÖ):

1. Að við séum upplýst um öll stefnumið, ferli og starfshætti varðandi UHÖ;
2. Að við öxlum ábyrgð á umhverfi, persónulegri heilsu og öryggi okkar sem og samstarfsmanna okkar og förum í hvívetna eftir reglum og starfsvenjum um UHÖ;
3. Að við komum auga á áhættuþætti, metum áhættu og, þegar mögulegt er, hrindum í framkvæmd betrumbótum og vekjum athygli stjórnenda á málinu;
4. Að við tilkynnum tafarlaust um UHÖ-tilfelli (s.s. leka, útblástur mengunarefna sem ekki stenst umhverfiskröfur, vinnuslys, vinnutengd veikindi o.s.frv.) til stjórnenda á staðnum til að gera fyrirtækinu kleift að greina orsakir og hefja betrumbætur og forvarnaraðgerðir;
5. Að við tilkynnum tafarlaust um UHÖ-tilfelli til viðeigandi lögbærra yfirvalda í samræmi við reglugerðir á staðnum;

Markmið okkar er að vernda og bæta umhverfið og heilsu og öryggi starfsmanna og þeirra samfélaga sem fyrirtækið starfar í.

6. Að við notum persónuhlífar á réttan hátt; og

7. Að við tökum virkan þátt í UHÖ-þjálfunaraðgerðum.

Virk þátttaka hvers og eins okkar í umhverfis- heilsu- og öryggismálum mun stuðla að hagsbótum í þágu allra starfsmanna.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Í starfsemi fyrirtækisins fela samskipti við stjórnvöld í sér tengsl við ríkisstjórnir, skrifstofur þeirra og fulltrúa í einstökum ríkjum, eða staðbundnum lögsagnarumdæmum um allan heim. Margir starfsmenn okkar eiga í reglulegum samskiptum við ýmsar stofnanir stjórnvalda í samræmi við fastar venjur og starfshætti.

Þótt siðir séu breytilegir milli landa hafa fulltrúar Alcan aðeins einn mælikvarða í samskiptum sínum við stjórnvöld: Að haga sér ávallt í samræmi við ströngustu siðferðisleg viðmið.

Alcan kemur til móts við allar lögmætar fyrirspurnir frá stjórnvöldum. Samt sem áður verðum við að krefjast viðurkenningar á lagalegum grundvallarréttindum Alcan s.s. að fá aðstoð lögmanns þegar við á. Af því leiðir að þegar stjórnvöld krefjast upplýsinga eða aðgangs að gögnum, þá leggið til að málið verði fyrst rætt við lögmann fyrirtækisins. Hafi yfirvaldið (t.d. lögreglumaður) leitarheimild, skal veita viðeigandi aðgang án tafar en hafa um leið samband við lögmann fyrirtækisins. Aldrei má eyða gögnum Alcan þar sem búist sé við því að stjórnvöld óski eftir þeim.

Þegar við látum yfirvöldum upplýsingar í té verðum við að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda þau gegn því að óviðkomandi hafi aðgang að þeim. Í mörgum löndum eru gögn stjórnvalda aðgengileg almenningi samkvæmt fyrirspurn. Þótt tilgangur laganna sé að stuðla að opinni og ábyrgri stjórnsýslu, geta þau einnig auðveldað samkeppnisaðilum að nálgast upplýsingar um okkur.

Óheimilt er fyrir Alcan að hafa opinberan starfsmann í þjónustu sinni nema með skriflegum samningi við stjórnvöld þar sem eðli þjónustunnar er tilgreint. Þess verður að gæta að svo geti ekki virst sem þjónustan sé leið til að inna af hendi óviðeigandi greiðslur. Í sumum löndum er með öllu óheimilt að fyrirtæki í einkaeign hafi opinberan starfsmann í þjónustu sinni.

Samskiptum við opinbera starfsmenn skal haga þannig að ekki sé hætt á að þau komi óorði á viðkomandi einstaklinga eða Alcan.

MANNRÉTTINDI OG VINNUSTAÐURINN

Alcan starfar á grundvelli jafnréttis, virðingar fyrir mannréttindum og einstaklingsfrelsi. Þá hagar fyrirtækið starfsemi sinni um allan heim þannig að það sé eftirsóttur vinnuveitandi.

Á margan hátt er vinnustaðurinn okkar annað heimili, þar sem við eigum öll rétt á því að komið sé fram við okkur af virðingu. Virðing er lykillinn að samstilltum vinnustað þar sem réttindi og tillitssemi starfsmanna eru í hávegum höfð og hvorki ógnanir né þvinganir liðnar.

Virðing er lykillinn að samstilltum vinnustað þar sem réttindi og tillitsemi starfsmanna eru í hávegum höfð ...

1. Við leggjum okkur fram um að viðhalda vinnuumhverfi þar sem virðing er borin fyrir einstaklingum;
2. Við líðum ekki mismunun eða áreitni á grundvelli kynþáttar, kynferðis, þjóðernis, trúarbragða eða á persónulegra sérkenna sem njóta verndar samkvæmt lögum;
3. Við líðum ekki óviðeigandi tungutak á vinnustað hvort sem um er að ræða guðlast, blótsyrði, dónaskap eða svívirðingar;
4. Við líðum ekki þvinganir eða ógnanir á vinnustað;
5. Við erum fortakslaust á móti nauðungar- eða barnavinnu.

Við virðum réttindi starfsmanna. Þótt fyrirtækið standi vörð um stöðu sína með sanngjörnum og lögmætum hætti, virðir það rétt starfsmanna til að mynda með sér lögleg samtök og gera kjarasamninga.

ÓVIÐEIGANDI GREIÐSLUR TIL OPINBERRA STARFSMANNA

Óheimilt er að bjóða óviðeigandi greiðslur fyrir hönd fyrirtækisins.

Eignir Alcan má ekki nota til greiðslna, beint eða óbeint (í gegnum umboðsaðila eða á annan hátt), í formi peninga, fasteigna, þjónustu eða í öðru formi til opinbers starfsmanns, stjórn-málaflokks eða frambjóðenda til pólitískis embættis til að telja viðtakanda greiðslunnar á:

1. Að beita áhrifum sínum til að aðstoða fyrirtækið við að auka eða viðhalda viðskiptum; eða
2. Aðhafast nokkuð sem brýtur gegn lagaskyldum.

Leiki vafi á lögmæti greiðslu sem starfsmaður hefur verið beðinn um að inna af hendi, skal ráðfæra sig við lögmann fyrirtækisins.

ALPJÓÐLEG VIÐSKIPTI

Fyrirtækið hefur starfsstöðvar um allan heim og er því bundið af lögum og reglum þjóðríkja og landssvæða sem eru breytileg frá einu lögsagnarumdæmi til annars. Stefna okkar er að fara að lögum hvar sem við erum í viðskiptum.

Sér í lagi verðum við að gæta eftirfarandi:

1. Að greiðslur til umboðsmanna og dreifingaraðila séu alltaf fyrir þjónustu sem þeir hafa veitt og sanngjarnar miðað við eðli þjónustunnar;
2. Að við færum ekki út kvíarnar til lands sem Alcan hefur ekki starfað í áður án þess að ræða það við stjórnendur og lögmann fyrirtækisins;
3. Að við séum meðvituð um viðskipti við átakalönd eða lönd sem sæta alþjóðlegum refsiaðgerðum;
4. Þegar við störfum að útflutningi verðum við að fylgja öllum reglum um sendingar á vörum og þjónustu Alcan til innflutningslandsins sem og viðeigandi ákvæðum í alþjóðaviðskiptasamningum.
5. Að gæta nákvæmni í upplýsingagjöf til allra sem ráðnir eru til aðstoðar við útflutning eða innflutning; og
6. Að ráðfæra okkur við lögmann fyrirtækisins um sértæk viðmið um hvernig haga eigi stjórnun á rekstri Alcan milli landa (þ.m.t. stjórnarsetu í fyrirtækjum sem staðsett eru erlendis).

MARKAÐSSETNING OG SALA

Stefna okkar er að starfa ávallt af fullkomnum heilindum að öllu því sem Alcan tekur sér fyrir hendur og stunda viðskipti okkar með sanngjörnum og réttisnum hætti.

Þessi stefna okkar tekur til sölu og kaupa á þjónustu (s.s. bankaþjónustu, ráðgjöf, auglýsingagerð, verkfræðiþjónustu og viðhaldi) sem og sölu eða kaupa á áþreifanlegum eignum og vörum.

Við innkaup verðum við að gæta sanngirni við val á birgjum að því marki sem stefna stjórnvalda eða lög kveða ekki á um annað.

Við markaðssetningu og sölu verðum við að gæta eftirfarandi:

Stefna okkar er að starfa ávallt af fullkomnum heilindum að öllu því sem Alcan tekur sér fyrir hendur ...

1. Þegar samanburður er heimill samkvæmt lögum að bera vörur okkar, þjónustu og starfsmenn saman við samkeppnisaðila með sanngjörnum hætti;
2. Að tryggja að allar verðáætlanir og framtíðarspár um afhendingar séu skýrar og hnitmiðaðar, með fyrirvara um breytt framboð og eftirspurn;
3. Að afhenda hvorki né taka við óviðeigandi greiðslum eða gjöfum frá nokkrum aðila í sambandi við sölu eða kaup á vörum eða þjónustu jafnvel þótt við missum af viðskiptatækifæri fyrir vikið; og
4. Að vera vakandi fyrir skaðsemisábyrgð og, þegar við á, vara viðskiptavini okkar við hugsanlegri hættu sem gæti stafað af vörum sem við seljum.

ÞÁTTAKA Í STJÓRN MÁLUM

Almenn regla er að starfsmenn Alcan taki ekki þátt í stjórn málum í nafni fyrirtækisins eða skipuleggi slíkar athafnir á landareign þess. Á hinn bóginn stöndum við vörð um rétt hvers og eins okkar til að tjá pólitískar skoðanir og kjósa samkvæmt sannfæringu sinni sem almennir borgarar.

Hvort sem lög í viðeigandi starfslandi setja skorður við fjárframlögum fyrirtækja til stjórn málaflokka eður ei, þá er almenn stefna okkar sú að styðja ekki stjórn málaflokka með fjárframlögum á nokkru stigi. Sem dæmi um athæfi sem brýtur í bága við þessa stefnu okkar og getur varðað við lög í vissum löndum má nefna eftirfarandi:

1. Að færa fjárframlag til stjórn málasamtaka á kostnaðarreikning. Sem dæmi um slíkt fjárframlag mætti nefna hádegisverð á vegum stjórn málaflokks, jafnvel þótt viðskiptamál Alcan væru rædd; og
2. Að nota aðstöðu fyrirtækisins í pólitískum tilgangi. Dæmi um slíkt athæfi væri að nota síma Alcan eða fá starfsfólk fyrirtækisins til að hafa samband við fólk eða útbúa pólitískt efni.

Í undantekningartilvikum og þegar heimilt er samkvæmt lögum má veita fjárframlag til stjórn málaafls með samþykki aðalforstjóra Alcan. Slík fjárframlög verða að samræmast þeirri trú okkar að hlutverk Alcan í stjórn málum sé að veita stjórnvöldum stuðning við að sinna ábyrgðarhlutverki sínu.

Stöku sinnum geta komið upp pólitísk mál sem eru mjög þýðingarmikil fyrir fjárhagslega og viðskiptalega afkomu fyrirtækisins. Alcan getur komið að slíkum pólitískum málum í því skyni að vernda lögmæta hagsmuni sína í samræmi við gildandi lög á hverjum stað og grundvallarreglur þessara samskiptareglna. Slík íhlutun getur falið í sér viðræður til að styrkja málstað fyrirtækisins, kynningu á sjónarmiðum þess í fjölmiðlum og stuðning við samtök sem eiga hagsmuna að gæta í málinu.

LÖG UM VERÐBRÉFA- OG INNHERJAVIÐSKIPTI

Starfsmönnum Alcan er skylt að forðast viðskipti með verðbréf, afurðir eða hráefni fyrirtækisins á meðan þeir búa yfir óbirtum upplýsingum um fyrirtækið og forðast að slíkar upplýsingar berist í annarra hendur, að meðtöldum vinum og ættingjum.

Með óbirtum upplýsingum er hér átt við upplýsingar sem eru það þýðingarmiklar að verði þær gerðar aðgengilegar almenningi, sé það líklegt til að hafa áhrif á markaðsvirði verðbréfa í Alcan (t.d. hlutabréfa eða skuldabréfa). Hér eru nokkur dæmi:

1. Óbirtar upplýsingar um fjárhagslega afkomu, þ.m.t. ársfjórðungsyfirlit og ársyfirlit;
2. Meiriháttar kaup eða sala Alcan á fyrirtæki;
3. Uppsögn eða undirritun mikilvægra samninga;
4. Verulegar breytingar á vörum fyrirtækisins;
5. Breytingar á upphæð reglulegra arðgreiðslna;
6. Mikilvæg fjárfestingarverkefni eða breytingar á slíkum verkefnum;
7. Mikilvægar breytingar á æðstu stjórnendum eða stjórn fyrirtækisins; og
8. Yfirtökutilboð eða breytt yfirráð fyrirtækisins.

Leiki vafi á því hvort tiltekin viðskipti séu heimil, skal lesa stefnumið Alcan um verðbréfavíðskipti á innraneti fyrirtækisins og/eða hafa samband við lögmann fyrirtækisins.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI, EINELTI Á VINNUSTAÐ OG OFBELDI

Til kynferðislegar áreitni teljast t.d. kynferðislegar umleitanir sem ekki er óskað eftir, kynferðislegir brandarar, undirliggjandi eða augljós þrýstingur um kynlífsgreiða, kynferðislegar dylgjur og ósæmileg tilboð. Slík áreitni líðst ekki hjá Alcan. Kynferðisleg áreitni er athæfi af kynferðislegum toga sem getur haft slæm áhrif á aðstæður á vinnustað, þ.m.t.:

1. Athæfi sem skapar ógnandi, fjandsamlegt eða særandi vinnuumhverfi;
2. Athæfi sem ónáðar starfsmann við störf sín, og/eða
3. Athæfi sem dregur úr atvinnutækifærum einstaklings eða möguleikum hans til starfsþróunar.

Við liðum hvorki áreitni né ofbeldi af nokkru tagi á vinnustað.

Við líðum hvorki áreitni né ofbeldi af nokkru tagi á vinnustað. Þetta á meðal annars við um hótanir, ógnanir, kúgun, að gert sé grín að einstaklingum eða þeir lagðir í einelti.

Tilkynna skal alla slíka hegðun eða áhyggjur af slíku athæfi, einkum að því er varðar eigið persónulegt öryggi eða samstarfsfélaga. Telji fyrirtækið að áreitni eða ofbeldi hafi átt sér stað, verður gripið til viðeigandi refsiaðgerða gegn sökudólgum og geta þær falið í sér brottvísun úr starfi.

SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA, FJÖLMIÐLA OG SAMFÉLAGIÐ

Við metum mikils og höfum haft mikinn hag af góðum samskiptum við hluthafa fyrirtækisins og reynum ávallt að svara fyrirspurnum þeirra eins fljótt og auðið er.

Fyrirspurnir fjárfesta eða hluthafa um Alcan og starfsemi þess skulu sendar áfram til upplýsingaþjónustu fjárfesta hjá Alcan (Investor Relations) sem finna má á innra neti fyrirtækisins.

Í samskiptum við ytri aðila, s.s. fjölmiðla, fréttastofur og fjárfesta, skal fyrst og fremst gæta réttisýni og þess að samskiptin séu trúanleg og tímanleg. Trúverðugleiki Alcan er lykillinn að því að efla orðstír fyrirtækisins og virðisaukningu hluthafa.

Sérstakir upplýsingafulltrúar Alcan sjá um samskipti við fjölmiðla. Þeim ber að tryggja að allar viðeigandi upplýsingar berist fjölmiðlum tímanlega. Upplýsingafulltrúar, eða hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla fyrir hönd fyrirtækisins, þurfa að sýna fram á mikla ráðvendni og gegnsæ vinnubrögð jafnframt því að ljóstra ekki upp án heimildar trúnaðarupplýsingum eða óopinberum upplýsingum.

Starfsmenn Alcan skulu tryggja að upplýsingafulltrúar séu vel upplýstir um öll mikilvæg mál sem varða hagsmuni viðkomandi svæðis eða lands sem og starfsemi Alcan.

Alcan hefur þá stefnu að sýna fram á að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja samrýmist vel góðum hagnaði hluthafa. Markmið fyrirtækisins er að gæta jafnvægis milli hagsmuna Alcan og hluthafa annars vegar og starfsmanna, viðskiptavina og birgja hins vegar, sem og hagsmuna stjórnvalda og alls almennings. Alcan tekur fullt mið af mismunandi félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áherslum í starfslöndum sínum.

Alcan hvetur alla starfsmenn sína til sjálfböðastarfs í þágu samfélagsins. Þeir starfsmenn fyrirtækisins sem taka þátt í sjálfböðastarfi, félagslegu starfi og stjórnmalastarfi gera það án þess að þiggja fyrir greiðslur frá Alcan. Þeir gera það í eigin nafni og í frítíma sínum, nema í undantekningartilvikum með heimild æðstu stjórnenda fyrirtækisins.

ÖRYGGI Á VINNUSTÆÐ

Alcan hefur þá staðföstu stefnu að tryggja öryggi starfsmanna sinna og eigna. Fulltrúum og öryggisvörðum Alcan er heimilt að standa fyrir leit á einstaklingum, í bifreiðum og eigum á svæðum Alcan í samræmi við gildandi lög. Þess er vænst af öllum starfsmönnum sem og birgjum, ráðgjöfum, o.s.frv. að þeir leggi sitt af mörkum með því að leyfa leit bæði á þeim sjálfum og eigum sínum á svæðum fyrirtækisins.

FYLGNI VIÐ SIÐAREGLURNAR

Sú krafa er gerð til allra starfsmanna, ráðgjafa og birgja Alcan að þeir hlíti *Alþjóðlegum siðareglum um starfsmenn og viðskiptahætti* og stuðli að þeim gildum og grundvallarreglum sem þar koma fram með virkum hætti.

Brjótí starfsmaður í bága við siðareglur þessar eða liggur á upplýsingum meðan á rannsókn stendur á hugsanlegu broti á þeim, má láta viðkomandi sæta viðurlögum að meðtalinni brottvikningu úr starfi. Hver sá ráðgjafi eða birgir sem brýtur ákvæði siðareglanna á yfir höfði sér að samningi hans verði sagt upp eða hann verði ekki endurnýjaður. Sé brotið tiltekins eðlis getur Alcan borið lagaleg skylda til að tilkynna það víðeigandi yfirvöldum.

Brot á siðareglum þessum skal tafarlaust tilkynna einum eftirtalinna aðila:

1. Yfirmanni þínum;
2. Hæstráðanda deildar þinnar eða starfssviðs;
3. Lögmanni fyrirtækisins;
4. Starfsmannasviði; eða
5. Með öðrum leiðum sem fyrirtækið kann að bjóða upp á hverju sinni (s.s. sérstök símanúmer).

Trúnaði er heitið um allar upplýsingar að því marki sem kostur er. Ekki verður gripið til refsiaðgerða gegn aðilum sem tilkynna brot í góðri trú. Hins vegar getur hver sá sem fremur brot búist við því að verða refsað jafnvel þó að hinn sami tilkynni brotið. Í öllum tilvikum verður þó tekið fullt tillit til þeirrar ákvörðunar starfsmanns að tilkynna brot teljist þörf á refsiaðgerðum.

Fylgni við siðareglur þessar verður metin með úttektum sem fela í sér endurskoðun á skýrsluferlum og þjálfun.

SPURNINGAR OG SVÖR

GILDI SIÐAREGLNANNA FYRIR AÐILA UTAN FYRIRTÆKISINS

Ég er um þessar mundir að gera samning við verktaka. Hvað ætti að standa í samningnum til að tryggja að hann sé í samræmi við siðareglurnar?

Þú ættir að hafa í samningnum ákvæði á borð við „Verktaki viðurkennir að hafa tekið við eintaki af *Alþjóðlegum siðareglum um starfsmenn og viðskiptahætti* og samþykkir að haga gjörðum sínum í samræmi við siðareglurnar í öllum viðskiptum sínum við og fyrir hönd Alcan.“

BÆKUR OG GÖGN

Nokkrir viðskiptavinir okkar voru í bænum og ég bauð þeim út að borða. En síðan hef ég týnt kvittuninni. Yfirleitt held ég vel utan um kvittanir. Fæ ég endurgreitt í þessu tilviki?

Við verðum að tryggja að allar færslur á fjármunum séu rétt skráðar í bækur Alcan. Í þessu óvenjulega tilviki þar sem þú hefur týnt kvittun og getur ekki fengið afrit, ættir þú hins vegar að ræða málið við yfirmann þinn og ákveða með hvaða hætti þetta skuli skráð á kostnaðarreikning þinn.

Ég hafði heimild til að kaupa flugmiða á viðskiptafarrými fyrir ferð á vegum fyrirtækisins sem ég fór í nýlega og komst áður að því að það kostaði 1.500 dollurum minna að fljúga á venjulegu farrými. Ég skipti miðanum fyrir miða á venjulegu farrými, skráði miðann fyrir viðskiptafarrými á kostnaðarreikning minn og hirti sjálf(ur) afganginn. Vinur minn segir mér að þetta sé sviksamlegt en ég fæ ekki séð að fyrirtækið hafi tapað á þessu því það ætlaði hvort sem er að greiða þessa upphæð. Hvor hefur rétt fyrir sér?

Vinur þinn hefur rétt fyrir sér. Hafi starfsmaður leyfi til að kaupa miða á viðskiptafarrými þá er það til þess að hann geti sinnt starfi sínu og komið fram fyrir hönd Alcan með sem bestum hætti. Að auki ert þú með þessu athæfi vísitandi að valda ónákvæmni í bókhaldi Alcan, sem telst vera brot á siðareglunum.

BÆKUR OG GÖGN

Ég vann yfirvinnuvakt til að ljúka vissu verki sem áætlað var að tæki átta klukkustundir. Verkið tók mig hins vegar aðeins fjórar klukkustundir svo að ég skrifaði sex yfirvinnustundir á mig. Eftir því sem ég fæ best séð hagnaðist ég á þessu en einnig fyrirtækið. Var þetta rangt?

Já, þetta var rangt. Við fáum ekki greitt samkvæmt fjölda verka heldur fjölda vinnustunda sem verður að skrá nákvæmlega. Þetta telst vera brot á siðareglunum.

SAMKEPPNISMÁL

Fyrir nokkrum mánuðum var ég í matarveislu sem haldin var til fjáröflunar. Starfsmaður eins af samkeppnisaðilum okkar var einnig í veislunni. Við tókum tal saman enda höfum við þekkt í mörg ár. Í fyrstu var samtalið okkar á mjög almennum nótum en svo tjáði hann mér að fyrirtæki hans ætlaði að hækka verð mánuði seinna. Mér fannst þetta tal óþægilegt og sagði honum að mér fyndist ekki við hæfi að við ræddum slík mál. Síðan þá hef ég haft samband við einn af lögmonnum okkar um málið. Annars var þetta bara rabb um daginn og veginn. Var þetta fljótfernislegt af mér?

Þetta voru hárrétt viðbrögð hjá þér. Jafnvel óformleg samtöl milli samkeppnisaðila um málefni á borð við verðlagningu geta falið í sér brot á samkeppnislögum. Þú ættir að útskýra nákvæmlega fyrir lögmanni hjá Alcan hvað gerðist.

Samkeppnisaðili spurði mig hvort ég vildi taka þátt í „samanburðarathugun“ (*benchmarking study*). Hvað á ég að gera?

Öll tilvik þar sem samkeppnisaðilar skiptast á upplýsingum um verð og öðrum viðkvæmum upplýsingum eru áhættusöm. Slík skipti á upplýsingum má túlka sem ólöglegt samráð sem hamlar samkeppni. Það að kalla upplýsingaskiptin „athugun“ breytir engu um þessa áhættu. Nauðsynlegt er að hægt sé að sýna fram á að upplýsingaskiptin hafi engan annan tilgang en hið lögmeata markmið að bæta rekstur og verkferla. Alcan hefur þá stefnu að allar tillögur um upplýsingaskipti við önnur fyrirtæki og óskir um þátttöku í viðmiðunarathugunum ásamt samkeppnisaðilum verði að bera undir lögmann fyrirtækisins fyrirfram.

FYLGNI VIÐ SIÐAREGLURNAR

Hvern á ég að hafa samband við til að fá nánari upplýsingarnar um siðareglurnar?

Í flestum tilvikum ættir þú að hafa samband við yfirmann þinn eða, eftir því sem við á, hæstráðanda deildar þinnar eða starfssviðs, fulltrúa starfsmannasviðs, lögmann fyrirtækisins eða aðra aðila sem fyrirtækið hefur tiltæka í hvert sinn.

Ég hef orðið þess áskynja að tveir samstarfsmenn mínir hafa brotið siðareglurnar með óheimilli notkun á eigum fyrirtækisins. Á þessu hefur gengið um langt skeið og ég hef ekki tilkynnt þetta hingað til, en nú vil ég gera það. Verð ég látinn sæta viðurlögum fyrir að tilkynna þetta ekki fyrr?

Öll brot á siðareglunum ber að tilkynna tafarlaust. Hins vegar verður tekið tillit til ákvörðunar þinnar um að tilkynna brotið og þess að þú varst ekki persónulega viðriðin(n) það. Því er mögulegt, með fyrirvara um önnur málsatvik, að þú verðir ekki látinn sæta viðurlögum.

TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR OG HUGVERKARÉTTUR

Við þurfum að ráða utanaðkomandi ráðgjafa til að vinna í tölvunum okkar. Það er mögulegt að hann komi til með að sjá tölvuskrár með trúnaðarupplýsingum. Þarf ég að láta hann undirrita trúnaðarsamning?

Já. Hins vegar er oft nægilegt í tilvikum sem þessum þar sem um er að ræða ráðgjafarfyrirtæki að gera trúnaðarsamning við fyrirtækið um að það ábyrgist að starfsmenn þess ljóstri ekki upp trúnaðarupplýsingum Alcan. Ráðfærðu þig við lögmann hjá Alcan um form og innihald trúnaðarsamningsins. Þó ber að hafa í huga að jafnvel þótt trúnaðarsamningur hafi verið gerður við viðkomandi verðum við samt sem áður að forðast að trúnaðarupplýsingar berist honum í hendur.

TRÚNAÐARUPPLÝSINGAR OG HUGVERKARÉTTUR

Ég er að undirbúa laxveiðiferð fyrir deildina og mér datt í hug að búa til merki þar sem fyrirtækismerki Alcan myndar haus á laxi. Væri það í lagi?

Nei. Fyrirtækismerki Alcan má aðeins nota í viðskiptalegum tilgangi og aðeins birta í þeirri mynd sem tilgreind er í leiðbeiningum um vörumerki og auðkenni Alcan (*Alcan's Corporate Identity Guidelines*) sem finna má á innraneti Alcan.

Ég er með tölvuforrit í vinnunni sem mig langar til að taka afrit af fyrir tölvuna mína heima svo að konan mín og krakkarnir geti notað það. Það er ekki ætlunin að nota forritið í neinum viðskiptalegum tilgangi. Má ég gera þetta?

Nei. Óheimilt er að taka afrit af hugbúnaði sem nýtur verndar samkvæmt höfundarréttarlögum og/eða notandaleyfum nema eigandi höfundarréttarins eða leyfishafi veiti fyrir því sérstaka heimild. Þú skalt ráðfæra þig við starfsmann í upplýsingatæknideild áður en þú tekur afrit til einkanota af hugbúnaði sem Alcan útvegar.

HAGSMUNAÁREKSTRAR

Ég fékk mjög dýrt úr að gjöf frá einum af birgjum Alcan. Má ég halda því?

Nei. Þú skalt ekki taka við neinum slíkum gjöfum eða verða aðnjótandi skemmtunar frá slíkum aðilum nema um sé að ræða lítilræði sem gæti ekki með nokkru móti skuldbundið þig. Reglan er að beita almennri skynsemi og góðri dómgreind til að forðast að svo geti litið út sem um óviðeigandi athæfi eða hagsmunaárekstur sé að ræða.

Hvað um fjölskyldu mína og vini? Eru þau bundin sömu reglum um hagsmunaárekstra?

Almennt gildir sú regla að það sem valdið gæti hagsmunaárekstri hjá starfsmanninum sjálfum gæti valdið sams konar hagsmunaárekstri þegar um er að ræða greiða til nánustu fjölskyldu hans eða vina.

HAGSMUNAÁREKSTRAR

Ég skipulegg oft fundi stjórnenda fyrirtækja og er því oft í samskiptum við hótél, veitingahús, o.s.frv. Eitt hótelið þar sem við höldum oft fundi hefur boðið mér og fjölskyldu minni ókeypis gistingu eina helgi. Þetta yrði mjög kærkomin tilbreyting fyrir okkur. Væri rangt af mér að taka þessu tilboði?

Já. Ef þú tækir þessu tilboði gæti lítið út fyrir að hótelið væri að reyna að hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir þínar í framtíðinni. Þú skalt hafna tilboðinu.

Við höldum oft fundi og fagnaði hér í vinnunni og pöntum við slík tækifæri mat eða kökur. Frændi minn á bakarí hér í grenndinni sem býður upp á afbragðsgóðar kökur og tertur með skömmum fyrirvara. Verðið hjá honum er líka mjög sanngjarnt og hann veitir fyrirtækinu afslátt þar sem við erum frændur. Er í lagi ef ég legg til að við beinum viðskiptum okkar til frænda míns án þess að athuga fyrst önnur bakarí?

Í málum sem þessum verður að meta hvert tilvik fyrir sig. Einmitt vegna þess að hann er frændi þinn ættir þú að varast að svo líti út sem þú sért að hygla honum á kostnað annarra. Til öryggis ættir þú að biðja samstarfsmann um að gera verðsamanburð við önnur bakarí svo að áreiðanlegt sé að frændi þinn bjóði samkeppnishæft verð, sér í lagi ef um er að ræða að hann veiti fyrirtækinu þjónustu á reglulegum grundvelli í framtíðinni.

Ég þarf að ráða landslagsarkitekt til að hanna garðinn minn en það getur verið mjög kostnaðarsamt. Ég hitti af tilviljun landslagsarkitekt sem hefur unnið fyrir Alcan og hann bauð mér mjög gott verð. Er í lagi ef ég tek þessu tilboði?

Sennilega ekki ef ástæðan fyrir því að hann býður þessi kjör tengist fyrri eða væntanlegum viðskiptum hans við Alcan. Beita þarf almennri skynsemi og góðri dómgreind til að forðast að svo líti út sem um hagsmunaárekstur sé að ræða. Þurfir þú frekari skýringa við skalt þú spyrja yfirmann þinn og fá samþykki hans áður en lengra er haldið.

Ég er að gera upp sumarbústaðinn minn og einn af birgjum Alcan bauð mér að koma með ókeypis timbur til mín. Hann segir að þetta séu umframbirgðir og að ég væri að gera honum greiða með því að taka við timbrinu. Má ég gera það?

Nei. Einu gildir hvernig hann ber upp tilboðið. Hann er augljóslega að gera þér greiða og því er ekki ólíklegt að hann búist við einhvers konar launum fyrir ómakið. Því er um að ræða hagsmunaárekstur.

FÍKNIEFNI, ÁFENGI OG SKOTVOPN

Ég fer oft með vinnufélögnum í hádegismat á veitingastað í grennd við vinnustaðinn. Venjulega fæ ég mér 3 til 4 bjóra og sný svo aftur til vinnu. Vinur minn segir mér að ég gæti lent í vandræðum í vinnunni út af nokkrum bjórum. Er þetta rétt?

Við hjá Alcan gerum þá kröfu að dómgreind starfsmanna sé skýr og óskert af völdum áfengis. Þessi stefna er augljóslega í þágu starfsmanna okkar og framleiðni fyrirtækisins. Sé dómgreind þín skert af völdum áfengis eða fikniefna þá hefur þú brotið siðareglurnar. Þú ættir ekki að vinna undir áhrifum frekar en að aka ölvaður.

NOTKUN TÖLVUPÓSTS OG NETSINS

Ég fékk keðjubréf í tölvupósti. Má ég senda bréfið áfram til vina minna hjá Alcan og annarra í gegnum tölvupóstkerfi Alcan?

Nei. Óheimilt er að nota tölvukost og tölvupóstkerfi fyrirtækisins til að senda eða framsenda póst um efni sem ekki er viðskiptalegs eðlis, s.s. keðjubréf. Tölvupóstkerfi Alcan ber starfsmönnum að nota til að sinna erindum fyrirtækisins.

NOTKUN STARFSMANNA Á EIGUM FYRIRTÆKISINS

Ég er að dytta að hlutum heima og vantar borhamar. Ég hef tekið eftir því að það er borhamar í vinnunni sem er aldrei notaður. Get ég fengið hann lánaðan yfir helgina?

Nei. Óheimilt er að fjarlægja eigur fyrirtækisins af vinnustað, jafnvel til að fá þær einungis að láni, nema með fyrirfram samþykki stjórnanda.

UMHVERFI, HEILSA OG ÖRYGGI

Ég bakkaði lyftaranum mínum óvart á tunnu með leysiefnum svo að hún valt um koll. Starfsfélagar mínir hreinsuðu upp það sem helltist niður svo að engin ummerki urðu. Þarf ég samt að tilkynna þetta?

Já. Jafnvel minni háttar óhöpp sem gætu hugsanlega valdið umhverfisspjöllum verður að tilkynna án tafar.

Það er eitthvað í vinnunni sem gerir það að verkum að mig sviður stundum í augun og ég tárast. Ég sagði vinnufélögum mínum frá þessu en þeir sögðu mér bara að hætta þessu nöldri. Hvað ætti ég að gera?

Þú ættir að ræða við yfirmann þinn. Bera verður kennsl á allar mögulegar hættur á vinnustað.

SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD

Ég fékk beiðni frá fulltrúa stjórnvalda um að hann fengi aðgang að vissum skjölum um verkefni sem ég er að vinna í. Má ég láta honum þessar upplýsingar í té?

Hafi yfirvaldið ekki leitarheimild skaltu fyrst ræða málið við lögmann fyrirtækisins. Hafi yfirvald (t.d. lögreglumaður) hins vegar leitarheimild skaltu strax verða við beiðni hans en hafa samband við lögmann fyrirtækisins tafarlaust.

MANNRÉTTINDI OG VINNUSTAÐURINN

Starfsfélagi minn er innflytjandi og tilheyrir sýnilega minnihlutahópi. Aðrir samstarfsmenn okkar gera oft niðrandi athugasemdir um uppruna hans. Venjulega segja þeir svona hluti þegar hann heyrir ekki til en stundum við hann sjálfan. Mér líður mjög illa yfir þessu. Hvað get ég gert?

Þú getur gert tvennt. Í fyrsta lagi skaltu ræða við þá samstarfsmenn sem gera þessar athugasemdir og gera þeim ljóst að þér þyki þær særandi og óviðeigandi og að þær brjóti í bága við siðareglur Alcan. Linni þessu ekki skaltu í öðru lagi tilkynna yfirmanni þínum um þetta ótæka framferði.

Mismunun á grundvelli kynþáttar á sér mörg birtingarform bæði undirliggjandi og ódulin sem sögð og ósögð. Baráttan gegn kynþáttafordómum er áframhaldandi verkefni hvers og eins okkar úti í samfélaginu sem og á vinnustaðnum. Alcan er fjölbjóðlegt fyrirtæki og hjá því starfar fólk af mismunandi kynþáttum. Fyrirtækið er með starfsemi í mörgum löndum þar sem kynþættir og trúarbrögð eru mismunandi. Hver starfsmaður þarf að njóta virðingar svo að Alcan haldi áfram að dafna.

Einn af samstarfsmönnum mínum er samkynhneigður og ég veit að yfirmaður hans neitaði honum um stöðuhækkun vegna kynhneigðar hans. Hvað ætti hann að gera?

Mismunun vegna kynhneigðar er óheimil hjá Alcan. Samstarfsmaður þinn ætti að leita til fulltrúa starfsmannasviðs sem getur svo ráðfært sig við lögmann fyrirtækisins.

Einn af birgjum okkar notar börn í vinnu hjá sér í framleiðslu- og samsetningarrekstri sínum. Ég frétti þetta frá manni sem vinnur hjá honum. Eftir því sem ég best veit vita stjórnendur Alcan ekki af þessu. Hvað ætti ég að gera?

Þú skalt tilkynna þetta tafarlaust til yfirmanns þíns. Siðareglur okkar kveða skýrt á um að Alcan ræður ekki börn í vinnu og er almennt mótfallið barnavinnu sem og nauðungarvinnu af hvaða tagi sem er í öllum starfslöndum sínum og á það einnig við um birgja okkar.

ÓVIÐEIGANDI GREIÐSLUR TIL OPINBERRA STARFSMANNA

Ég hef heyrt getið um „hjálpargreiðslur“ sem eru ekki endilega ólöglegar. Má ég beita slíkum greiðslum?

Bandarísk lög gera greinarmun á hjálpargreiðslum (*facilitating payments*) og mútum, þ.e. þau heimila vissar tegundir af hjálpargreiðslum. Til að inna megi slíkar greiðslur af hendi þurfa þær auðvitað einnig að vera heimilar samkvæmt lögum viðkomandi lands. Oft er erfitt að gera skýran greinarmun á hjálpargreiðslum og óviðeigandi greiðslum. Þess vegna skalt þú ráðfæra þig við lögmann fyrirtækisins ef þú ert í vafa.

ALÞJÓÐLEG VIÐSKIPTI

Ég heyri stundum sögur um að sumir noti greiðslur frá öðrum fyrirtækjum til að kaupa dýrar gjafir handa erlendum opinberum starfsmönnum í valdastöðu. Ég vil vera samkeppnisfær. Hver er ábyrgð mín og/eða hömlur í þessum málum?

Stefna Alcan er að fara að lögum í öllum viðskiptum sínum. Þér er skylt að hlíta þeim lögum sem banna slíkar þóknanir til opinberra starfsmanna. Þú verður að tilkynna tafarlaust um öll slík mál til yfirmanns þíns og lögmanns fyrirtækisins. Annars er hættu á að þú og Alcan þurfi að sæta viðurlögum samkvæmt lögum.

MARKAÐSSETNING OG SALA

Ég var beðinn um að gera samanburð á vörum okkar og vörum samkeppnisaðila. Má ég skreyta svolítið til að fá viðkomandi til að kaupa vörur okkar?

Nei. Við markaðssetningu og sölu þar sem samanburður er heimill samkvæmt lögum, verður samanburður okkar við vörur samkeppnisaðila að gefa rétta mynd.

ÞÁTTTAKA Í STJÓRN MÁLUM

Ég er í sjálfboðavinnu vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Mig langar til að nota faxið á skrifstofunni til að senda út kynningarefni. Aðeins er um að ræða sendingar innanbæjar að vinnudegi loknum. Er þetta í lagi?

Nei. Óheimilt er að nýta aðstöðu Alcan í pólitískum tilgangi.

Skrifstofan okkar fékk beiðni um að fyrirtækið legði fram stórt fjárframlag í kosningabaráttu bæjarstjórans. Það er öruggt að hann mun vinna og það er afar mikilvægt fyrir okkur að eiga góð samskipti við bæjarstjórn. Megum við senda honum ávísun?

Fjárframlög til kosningabaráttu eða stjórnmalaflokka, hvort sem er í tilteknu kjördæmi eða á landsvísu, má aðeins veita með samþykki aðalforstjóra Alcan.

LÖG UM HLUTABRÉFA- OG INNHERJAVIÐSKIPTI

Ég var úti að borða um daginn og heyrði tal tveggja stjórnenda Alcan um fyrirhuguð kaup á öðru fyrirtæki. Ég tel að þessar upplýsingar séu áreiðanlegar. Er mér leyfilegt að kaupa hlutabréf í Alcan á grundvelli þeirra?

Nei. Starfsmönnum er óheimilt að stunda viðskipti með verðbréf, vörur eða hráefni Alcan á meðan þeir búa yfir mikilvægum upplýsingum um Alcan sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi. Einnig er óheimilt að ljóstra slíkum upplýsingum upp við aðra aðila. Þú verður því að bíða eftir því að upplýsingarnar verði gerðar opinberar áður en þú kaupir bréfin. Ef þú kaupir verðbréf á grundvelli innherjaupplýsinga getur þú átt yfir höfði þér að sæta agaviðurlögum og jafnvel opinberri ákæru.

Ég er þátttakandi í sparnaðaráætlun fyrir starfsmenn Alcan (*employee savings plan*). Þó að ég sé ekki stjórnandi í fyrirtækinu, þá hef ég orðið áskynja um mikilvægar innherjaupplýsingar sem gætu haft áhrif á verð hlutabréfa þess. Er mér heimilt að láta framkvæma færslu í sparnaðaráætlun minni sem myndi fela í sér hlutabréf í Alcan áður en upplýsingarnar sem ég hef orðið vís um verða gerðar opinberar.

Nei. Engum er heimilt að láta framkvæma slíkar færslur eða nokkrar aðrar færslur sem tengjast hlutabréfum í Alcan beint eða óbeint á grundvelli slíkra upplýsinga sem ekki hafa verið gerðar opinberar. Færslur af hvaða tagi sem er sem tengjast hlutabréfum og byggjast á innherjaupplýsingum teljast brot á siðareglunum og geta leitt til opinberrar ákæru á hendur þér. Sértu í vafa skaltu hafa samband við lögmann fyrirtækisins.

LÖG UM HLUTABRÉFA- OG INNHERJAVIÐSKIPTI

Einn af ráðgjöfum okkar er að útbúa glærur og undirbúa kynningu fyrir ársfund fyrirtækisins þar sem tilkynnt verður um útgáfu hlutabréfa í Alcan. Telst hann vera innherji eða er honum heimilt að kaupa hlutabréfin og segja vinum sínum frá þessu?

Hann telst vera innherji og er bundinn reglum um innherjaviðskipti. Honum er því óheimilt að stunda viðskipti á grundvelli þessara upplýsinga. Geri hann það gæti hann átt yfir höfði sér að sæta viðurlögum og jafnvel lögsókn fyrir glæpsamlegt athæfi. Verðir þú þess áskynja að hann hafi stundað viðskipti með bréf í fyrirtækinu á þessum grundvelli er þér skylt að tilkynna yfirmanni þínum það án tafar.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI, EINELTI Á VINNUSTAÐ OG OFBELDI

Kvenkyns samstarfsmaður minn segir mér að yfirmaður hennar geri oft athugasemdir um að hún hafi „kynþokkafullt göngulag.“ Hún veit að hann heldur að þetta sé meinlaust en þessar athugasemdir hans og hvernig hann starir á hana gerir hana óstyrka í vinnunni. Er þetta kynferðisleg áreitni?

Til kynferðislegrar áreitni teljast dylgjur sem gætu verið særandi en slíkar athugasemdir teljast óviðeigandi. Athugasemdir eða hegðun sem gæti á einhvern hátt talist tvíræð eða er líkleg til mistúlkunar skal forðast – slíkt getur talist til kynferðislegrar áreitni.

Yfirmaður minn hefur verið að segja vafasama hluti við mig, t.d. að leggja til að við hittumst eftir vinnu. Ég hef sagt henni skýrt og skorinort að ég sé hamingjusamlega giftur og ekki á lausu en hún heldur áfram að reyna við mig. Mér finnst þetta mjög óþægilegt. Hvað á ég að gera?

Kynferðisleg áreitni getur átt sér stað óháð kyni hlutaðeigandi einstaklinga. Kynferðisleg áreitni á vinnustað snýst oft um völd og það hve snúið er að verjast yfirmanni sem fer á fjörurnar við mann með óviðeigandi hætti. Allar gerðir af kynferðislegri áreitni, svo sem tvíræðar athugasemdir sem þolandinn óskar ekki eftir, eru óviðunandi. Ef yfirmaður þinn lætur ekki af hegðun sinni skaltu ræða við yfirmann hennar um málið.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI, EINELTI Á VINNUSTAÐ OG OFBELDI

Samstarfsmenn mínir eru alltaf annað hvort að stríða mér eða láta sem ég sé ekki til. Þetta gerir mér nánast óbærilegt að vera í vinnunni. Eru einhver ráð við þessu?

Við hjá Alcan leggjum okkur fram um að gera vinnuumhverfi okkar þannig úr garði að bæði fyrirtækið og starfsmenn komi fram af virðingu hver við annan. Við líðum ekki hegðun af því tagi sem þú lýsir. Þú ættir að ræða málið við yfirmann þinn.

SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA, FJÖLMIÐLA OG SAMFÉLAGIÐ

Stundum hringja fjölmiðlamenn, sérfræðingar og jafnvel hluthafar í mig sem eru með spurningar um fyrirtækið og rekstur þess. Ég les ársskýrsluna á hverju ári og tel mig vera upplýsta(n) um fyrirtækið. Er mér heimilt að svara spurningum þeirra?

Nei. Stundum er ekki auðséð hvað býr að baki spurningum sem þessum. Þú skalt beina öllum slíkum spurningum til viðkomandi upplýsinga- fulltrúa eða til upplýsingaþjónustu fjárfesta [1 (514) 848-8368] eftir því sem við á. Þeirra starf er að svara spurningum af þessu tagi og best er að þeir sinni öllum slíkum fyrirspurnum.

ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ

Ég var að fara heim frá vinnu eitt kvöldið þegar ég sá að það voru öryggisverðir að leita í töskum hjá öllum. Ástæðan virtist vera sú að fartölva hafi horfið af einni skrifstofunni. Hafa öryggisstarfsmenn Alcan heimild til að leita í eigum okkar.

Já. Með fyrirvara um gildandi lög á hverjum stað er öryggisstarfsmönnum (eða fulltrúum) Alcan heimilt að leita á fólki sem og í bílum og eigum sem staðsettar eru á svæði Alcan. Þess er vænst af öllum starfsmönnum sem og birgjum, kaupendum, o.s.frv. að þeir bregðist vel við slíkri leit.

TENGILIÐIR FYRIRTÆKISINS

Yfirmaður þinn er yfirleitt helsti tengiliður þinn varðandi siðareglurnar.

Aðrir tengiliðir eru:

- **Fulltrúi starfsmannasviðs**

Nafn: _____

Sími: _____

- **Lögmaður fyrirtækisins**

Nafn: _____

Sími: _____

- **Eftirlitsfulltrúi viðkomandi deildar Alcan**

Nafn: _____

Sími: _____

- **Umboðsmaður Alcan**

Sími: +1 (514) 848-8000 (Alcan network: 5-344-8000)

Netfang: ombudsman@alcan.com

Vinsamlegast veitið því athygli að þessar upplýsingar eru breytilegar. Uppfærðar upplýsingar má finna í rafrænni útgáfu siðareglanna á innraneti fyrirtækisins (web.alcan.com) eða á Netinu (www.alcan.com).

Alcan Inc.

1188 Sherbrooke Street West
Montreal, Quebec H3A 3G2
Canada

Póstfang:
P.O. Box 6090
Montreal, Quebec H3C 3A7 Canada

www.alcan.com

Sími: (514) 848-8000
Myndsenditæki: (514) 848-8115

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Steinmark

